

Úrskurður Aganefndar LH

Mál nr. 6/2005

Aganefnd LH kom saman 25. júlí 2005. Í aganefnd sitja Guðni Indriðason formaður, Atli Már Ingólfsson, Þorvaldur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 6/2005,

Bréf frá Bjarna Jónassyni / Baldvini Ara Guðlaugssyni.

Teknar eru fyrir bréfflegar staðfestingar þess að Baldvin Ari Guðlaugsson hafi afskráð sig úr keppni með tölvupósti þann 30. júní síðast liðinn, vegna þátttöku á Fjórðungsmóti á Kaldármelum, 30. júní – 2. júlí 2005.

Málsatvik:

Starfsmanni fjórðungsmótsins hafði yfirsést afskráning Baldvins Ara Guðlaugssonar, sem borist hafði rafrænt til mótshaldara 30. júní kl 01:18.

Niðurstaða aganefndar LH:

Niðurstaða aganefndar er sú að í ljósi nýrra upplýsinga og með vísan til 9. gr. reglugerðar aganefndar, er keppnisbann Baldvins Ara Guðlaugssonar sem ákveðið var með (ath vísa hér í fyrri úrskurð þ.e. númer hans og dags.) ógilt.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Samkvæmt 9. grein Reglugerðar aganefndar ber að fella dóminn niður:

Ef augljóst er að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða mótshaldara eða rangrar skráningar ber Aganefnd að taka slíka leiðréttingu fyrir á næsta fundi, sem halda skal innan 24 tíma frá því skýrsla yfirdómnefndar berst Aganefnd.

Sá sem rangur úrskurður skv. 1. mgr. beinist að, öðlast engar kröfur, fjárhagslegar né félagslegar, á hendur LH vegna úrskurða aganefndar, þó röngum úrskurði sé breytt á grundvelli endurskoðunar skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 25.07.2005

Guðni Indriðason

Atli Már Ingólfsson

Þorvaldur Sigurðsson